



Reykjavík, 5. september 2019

R18060129

100

bb

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Kosning í íbúaráð

Á fundi borgarstjórnar þann 3. september 2019 fóru fram kosningar í íbúaráð Reykjavíkurborgar. Við kosningarnar voru lagðar fram eftirfarandi bókanir sem sendast mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til kynningar:

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Verksvið íbúaráða snýr m.a. að því að vinna að auknu íbúalyðræði innan borgarinnar. Íbúaráð eru skipuð sex fulltrúum, þar sem helmingur ráðsins er kosinn af borgarstjórn þar sem tveir fulltrúar borgarstjórnar að lágmarki skulu vera úr hópi borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa og hinn helmingur ráðsins samanstendur af þremur fulltrúum, þar sem einn er skipaður frá íbúasamtökum hverfisins, einn frá foreldrafélagi hverfisins og einn er slembivalinn úr hópi íbúa hverfisins. Borgarstjórn kýs formann íbúaráðs úr hópi kjörinna fulltrúa. Sósíalistaflokkurinn telur eðlilegra að íbúaráðin kjósi sjálf formann ráðsins til að færa valdið nær íbúunum. Þó að það sé mikilvægt að hafa tengingu við borgarstjórn og jákvætt er að sjá að þeir fulltrúar sem kosnir eru af borgarstjórn skulu að jafnaði hafa sterka tengingu við viðkomandi hverfi, helst með eigin búsetu, þá hefði Sósíalistaflokkurinn vilja sjá fleiri slembivalda einstaklinga sitja í íbúaráðum úr hverfinu í stað þess að helmingur ráðsins sé skipaður af borgarstjórn. Slembival hefur viða verði notað til að tryggja að hægt sé að endurspegla þverskurð hverfisins sem best.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Umgjörð íbúaráða var búin til eftir samráðsfundi í hverfum borgarinnar þar sem kom fram skýr krafa um sterka tengingu íbúaráða við borgarstjórn, þar af kemur krafan um lágmarksfjölda kjörinna fulltrúa í ráðunum. Í því tilraunaverkefni sem verið er að ýta úr vör verður formaður kjörinn af borgarstjórn og var það talið góð leið til að halda

utan um nýtt verkefni sem er í þróun en mætti ef til vill endurskoða eftir að tilraunaverkefni lýkur. Í ráðum á vegum borgarinnar hefur aldrei áður setið slembivalinn fulltrúi og því er það að kjósa einn slembivalinn fulltrúa í hvert ráð nýlunda og spennandi nýsköpun.



Helga Björk Laxdal
e.u.